


Grunnmynd 1. hæð
Mkv. 1:100

**Breytingar á skráningu núverandi matshluta - matshluta 01.**

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á notkun rýma í húsinu.
Notarými 01 0002 Bílskúr hefur verið breytt í íbúðarherbergi - brúttó stærð samkv skráningu fasteingaskrá alls 26,0 m²
Notarými 01 0003 Rými hefur verið breytt í íbúðarherbergi - brúttó stærð samkvæmt skráningu fasteignaskrá alls 52,9 m².

Sjá einnig fylgiblað teikning A105 - með nánari skýringum vegna umræddra breytinga.

**Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir steinsteyptri bílageymslu á einni hæð á lóðinni samkv. hjálögðum uppdráttum.**

**Sjá nánar byggingarlýsingu hér að neðan.**

***Byggingarlýsing / verklýsing:***

**Almennt:**
Byggingin er bílageymsla á einni hæð á steyptum undirstöðum. Útveggir eru einnig steinsteyptir einangraðir að innan með 100 mm plasteinangrun og er hefðbundin múrhúðun utaná einangrun.
Þakplata er steinsteypt, einangruð að ofan með steinull og er tekinn halli í steinull til að fá halla að niðurföllum

**Grundun húss:**
Grafa skal niður á brurðarhæf jarðlög. Fylla skal í grunn með burðarhæfri frostfrírri fyllingu og skal hún þjöppuð vel í hæfilega þykkum lögum.

**Undirstöður:**
Húsið verður grundað á þjöppuðum burðarhæfum jarðvegspúða.
Undirstöður og botnplata verða steinsteypt.
Undir botnplötu og lágmark 500 mm niður með undirstöður kemur 75 mm einangrunarplast.

**Útveggir:**
Útveggir eru úr járnbentri steinsteypu einangraðir að innan með 100 mm einangrunarplasti (16 kg/m³). Innan á einangrun verður múrhúðað með min 20 mm þykkri múrhúðun.

**Þak:**
Þak yfir bílageymslu er úr járnbentri steinsteypu sem borin er af berandi útveggjum. Einangrun/ steinull kemur ofaná steyptu plötuna og er þykkt einangrunar min 230 mm. Ofaná steinull koma minnst tvö lög af viðurkenndum þakpappa sem festur er niður í steinsteypu með til þess gerðum festingum. Efra lag tjörupappa er síðan soðin yfir festingar. Einangrunin er sniðin þannig að nægjanlegur halli sé að niðurföllum.

**Gluggar og hurðir:**
Gluggar og opnanleg fög verða eru timbur/ ál með einangrunargleri, k-gleri.
Öryggisgler skal vera í gólfsíðum gluggum og hurðum með gleri skv. gr. 8.5.2 í byggingarreglugerð 112/2012.

**Kólnunartölur byggingahluta, U-gildi (W/m² K)**

| | |
|---|---|
| Þak | 0.20 |
| Úveggir | 0.30 |
| Gluggar | 1.50 |
| (vegið meðaltal k-gler) | 2.00 |
| Hurðir | 3.00 |
| Botnplata | 0.30 |

**Vottanir:**
Byggingarefni og byggingareiningar s.s. gluggar, hurðir ofl sem notað verður í bygginguna skulu vera vottaðir samkv ákvæðum byggingareglugerðar.

**Brunavarnir:**
Veggir að lóðamörkum og þak skal vera a.m.k. REI 60.
**Klæðningar inni eru í flokki 1.**
**Slökkvitæki** af viðurkenndri gerð skal vera í bílageymslunni.

**Lagnir/ lagnakerfi:**
Reiknað er með að allar lagnir tengist við lagnakerfi íbúðarhúss - í samræmi við reglur og staðla þar um.
Fráveitulagnir tengjast núverandi fráveitu frá íbúðarhúsi.
Loftræsing / loftskipti í bílageymslu eru tryggð með vélrænni loftræsingu.
Tryggja skal halla að gólfniðurföllum.

**Stærðir:**
Eftirfarandi eru stærðir fyrir nýja bílageymslu - matshluta 02.

Brúttó flatarmál - alls 63,5 m²
Brúttó rúmmál - alls 261,0 m²

Sjá nánar skráningartöflu í heild og afrit af henni á teikn A104.

# Þinghólsbraut 56, 200 Kópavogi

## Aðaluppdráttur.
## Ný bílageymsla - grunnmynd.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Mkv.** | 1:100 | **Teikn. nr.** | A 101 |
| **Dags.** | 15. nóvember 2022 | **Breytt dags.** | 15. júlí 2023 |
| **Teiknað.** | GJ. | **Stærð teikn.** | A2. |


*Guðmundur Jónsson*
*byggingafræðingur BFÍ*
*kt. 041260-4839*
*Heiðvangi 28, 220 Hf.*
*s. 565 5508-866 1299*
*gud.jons@simnet.is.*


Undirskrift aðalhönnuðar.